

# Reglugerð um breytingu á skipulagsreglugerð nr. 90/2013.

## 1. gr.

Við reglugerðina bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi: Heimilt er við breytingu á aðalskipulagi, sbr. 1. mgr. og 2. mgr. 36. gr. skipulagslaga, að fylgja ákvæðum eldri skipulagsreglugerðar nr. 400/1998 hvað varðar kröfur um framsetningu skipulagsuppdráttar um tákni, línur og liti ef kröfur reglugerðarinnar eru ekki í samræmi við þau tákni, línur og liti sem fyrir eru í gildandi aðalskipulagi.

## 2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt 45. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, öðlast þegar gildi.

*Umhverfis- og auðlindaráðuneytinu, 24. júní 2013.*

F. h. r.

**Stefán Thors.**

*Sigríður Auður Arnardóttir.*

### Fyrirvari

Reglugerðir eru birtar í B-deild Stjórnartíðinda skv. 3. gr. laga um Stjórnartíðindi og Lögbirtingablað, nr. 15/2005, sbr. reglugerð um útgáfu Stjórnartíðinda nr. 958/2005.

Sé misræmi milli þess texta sem birtist hér í safninu og þess sem birtur er í útgáfu B-deildar Stjórnartíðinda skal sá siðarnefndi ráða.